

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. september 2024 í máli nr. 31/2024

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 21. mars 2024 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi sóknaraðila kvittun frá fyrirtækinu [...] fyrir flutningskostnaði varahluta sem keyptir voru af varnaraðila og fluttir til Íslands frá Bandaríkjunum í þágu viðgerðar á bifreið sóknaraðila. Fáist ekki útgefin umrædd kvittun krefst sóknaraðili þess til vara að varnaraðili endurgreiði honum greiddan flutningskostnað að fjárhæð 98.828 krónur. Varnaraðili telur kvörtun sóknaraðila tilhæfulausa og krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi þann 26. mars 2024 var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 12. ágúst 2024. Athugasemdir bárust ekki frá aðilum máls.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, afrit af reikningi varnaraðila til sóknaraðila, dags. 8. september 2023 og afrit af reikningi fyrirtækisins [...] vegna kaupa á varahlutum, dags. 7. júní 2023.

Með bréfi, dags. 27. september 2024 var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls verður ráðið að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við bilanagreiningu á bifreið sinni í maí 2023. Tók varnaraðili bifreiðina til skoðunar 6. júní 2023 og sérpantaði hann degi síðar tiltekna varahluti vegna viðgerðar á bifreiðinni frá fyrirtækinu [...] í Bandaríkjunum. Bárust varahlutirnir til landsins rúmum tveimur vikum síðar. Sóknaraðili kaus síðan að leita til annars bifreiðaverkstæðis með viðgerðina þar sem nokkur bið var eftir viðgerðarþjónustu hjá varnaraðila. Við afhendingu varahlutanna í lok júnímánaðar krafði varnaraðili sóknaraðila um greiðslu fyrir þjónustu sína þann 6. júní 2023 og varahlutina, alls að fjárhæð 298.688 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti, og varð sóknaraðili við því. Óskaði sóknaraðili í kjölfarið eftir því að fá afhentan reikning frá [...] fyrir kaupum á varahlutum. Að sögn varnaraðila hafi verið tregur til að afhenda sóknaraðila umræddan reikning enda hafi reikningurinn verið gefinn út á varnaraðila en ekki sóknaraðila. Hafi varnaraðili þó leyft sóknaraðila að skoða reikninginn og taka ljósmynd af honum. Þá óskaði sóknaraðili eftir því að varnaraðili myndi gefa út reikning vegna þjónustu sinnar og sölu hans á varahlutum til sóknaraðila. Gaf

varnaraðili út umbeðinn reikning 8. september 2023 en samkvæmt honum var sóknaraðili meðal annars gert að greiða 98.828 krónur, án virðisaukaskatts, í flutningskostnað. Varðar ágreiningur málsins kröfu sóknaraðila um að varnaraðili afhendi kvittun frá fyrirtækinu [...] vegna flutningskostnaðar fyrir varahlutina frá Bandaríkjunum til Íslands.

Sóknaraðili vísar til þess hafa tekið ljósmynd á starfsstöð varnaraðila af útgefnum reikningi [...] til varnaraðila vegna kaupa á varahlutum fyrir bifreið hans. Að sögn sóknaraðila hafi hann síðar farið aftur til varnaraðila og sýnt starfsmanni varnaraðila ljósmynd af framangreindum reikningi. Hafi sóknaraðili beðið starfsmanninn um að umreikna hvað varahlutirnir hefðu kostað í íslenskum krónum. Hafi viðkomandi fullyrt að umreiknað kaupverð þeirra hafi verið um 157.000 krónur. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt útgefnum reikningi varnaraðila dags. 8. september 2023 hafi verið krafist greiðslu að fjárhæð 298.688 krónur fyrir varahlutina, þar af fyrir flutning þeirra að fjárhæð 98.828 krónur. Kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir kvittun fyrir umkröfðum flutningskostnaði en varnaraðili upplýst að enga frekari sundurliðun væri að finna á þeim kostnaði en sem kæmi fram í reikningi [...]. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðili afhendi honum kvittun fyrir flutningskostnaðnum ellegar endurgreiði sóknaraðila 98.828 krónur þar sem hugsanlega sé um tilefnislausu kröfu að ræða.

Varnaraðili telur sig hafa veitt sóknaraðila skjóta og góða þjónustu við bilanagreiningu bifreiðar hans sem og sérpöntun varahluta frá útlöndum. Samkvæmt útgefnum reikningi hafi sóknaraðili verið krafinn um 298.688 krónur fyrir framangreint. Á reikningnum megi sjá að varnaraðili hafi aðeins rukkað sóknaraðila fyrir eina klukkustund í vinnu við að bilanagreina bifreið hans en sóknaraðili hafi óskað eftir því að varnaraðili myndi skoða bremsur bifreiðarinnar, olíu á skiptingu, ABS kerfi, demparagúmmí og högg í bíl að aftan. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi síðar fengið að taka ljósmynd af reikningi [...] til varnaraðila en þar komi skýrt fram að flutningskostnaður varahlutanna hafi verið 656,95 USD sem nemi 92.301 krónu sé miðað við gengi dags. 7. júní 2023 sem hafi verið 140,5. Heildarfjárhæð reiknings [...] hafi verið 1.179,86 USD en síðan hafi bæst tollur við þá fjárhæð þegar sendingin var tollafgreidd á Íslandi.

Varnaraðili vísar til þess að hafa bætt við eðlilegri álagningu á vörurnar á sínum reikningi til sóknaraðila. Þessi álagning sé nauðsynleg til að standa undir kostnaði vegna vinnu varnaraðila, t.d. við að finna varahluti á hagkvæmasta verðinu fyrir sóknaraðila, hafa samskipti við hið bandaríska fyrirtæki um kaupin auk þess tíma sem fór í það að hafa samskipti við sóknaraðila. Kveðst varnaraðili hafa reynt að halda álagningunni í lágmarki. Þá bendir varnaraðili á að þegar sóknaraðili hafi óskað eftir því við starfsmann hans, sem hafi verið í sumarafleysingum á starfsstöðinni, að hann myndi umreikna kröfu [...] yfir í íslenskar krónur hafi viðkomandi ekki gert ráð fyrir að við endanlegt verð til sóknaraðila myndi bætast virðisaukaskattur og kostnaður varnaraðila vegna þjónustu sinnar. Loks vísar varnaraðili til þess að hann átti sig ekki fyllilega á því hvert umkvörtunarefni sóknaraðila sé í máli þessu enda hafi sóknaraðili fengið að sjá og taka ljósmynd af reikningi [...] þar sem skýrt komi fram hver flutningskostnaður hafi verið.

V
Niðurstaða

Aðilar máls sömdu um þjónustu varnaraðila við bilanagreiningu á bifreið sóknaraðila sem og sérpöntun varahluta vegna viðgerðar á henni frá Bandaríkjunum. Var þjónustan veitt 6. júní 2023 og varahlutirnir afhentir sóknaraðila um rúmum tveimur vikum síðar. Greiddi sóknaraðili varnaraðila alls 298.688 krónur fyrir. Tiltekið var í reikningi varnaraðila, dags. 8. september 2023, að flutningskostnaður væri 98.828 krónur án virðisaukaskatts.

Sóknaraðili gerir þá kröfu í málinu að varnaraðili afhendi honum kvittun frá fyrirtækinu [...] fyrir flutningskostnaði hinna keyptu varahluta. Við framlagningu kvörtunar sinnar til kærunefndarinnar lagði sóknaraðili sjálfur fram reikning varnaraðila, dags. 8. september 2023, sem og ljósmynd af reikningi [...], dags. 7. júní. Af þeim síðarnefnda reikningi verður ráðið að það fyrirtæki krafði varnaraðila um flutningskostnað að fjárhæð 656,95 USD og að varnaraðili hafi greitt þann kostnað til [...] vegna kaupa í þágu sóknaraðila. Álitur kærunefndin að ekki sé unnt að leggja þá skyldu á varnaraðila að færa frekari sönnur á fjárhæð flutningskostnaðar varahlutanna. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

VI
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson